

16. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 05.04 2011, Végarði kl. 13.30

Mætt voru: Anna Jóna, Gunnþórunn, Jóhann, Lárus og Magnhildur í forföllum Þorvarðar. Einnig var mætt til fundar Íris D.Randversdóttir, skólastjóri Hallormsstaðaskóla.

Oddviti setti fundinn kl. 13.35 og bauð Írisi velkomna á fund sveitarstjórnar.

Dagskrá:

1. Málefni Hallormsstaðaskóla

2. Skýrsla oddvita

3. Laugarfell

- a) Verkfundargerð 11.03
- b) Leigusamningur um Laugarfellsskála
- c) Umhverfishönnun

4. Brettasmiðjan

5. Áætlunarferðir í Fljótsdal

Fundargerðir samstarfsshóps 09.03 og 23.03

6. Húsnæðismál félagsaðstöðu eldri borgara

7. Vegaframkvæmdir

8. Skipun 1 fulltrúa í ferðamálanefnd og Ormsteitisnefnd

9. UMF Þristur

Starfsskýrsla ársins 2010 og vor 2011

10. Bréf

- a) Skógrækt ríkisins dags. 10.03
- b) Þjóðskrá Íslands dags. 09.03
- c) Skipulagsstofnun dags. 30.03
- d) Skipulagsstofnun dags. 25.03

11. Fundargerðir

- a) SSA 28.02
- b) Kynningarfundur um landamerkjaskráningu 22.02
- c) Þróunarfélag Austurlands 07.03
- d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 10.03
- e) Austfirsk eining 11.03
- f) Verkefna- og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 11.03
- g) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 10.03
- h) Skólaráð Hallormsstaðaskóla 1-2-3 og 4 fundur skólaárs 2010-2011
- i) Dvalarheimili aldraðra 22.03 og ársreikningur 2010

12. Önnur mál

1. Málefni Hallormsstaðaskóla

Íris skýrði frá helstu áherslum í skólastarfi Hallormsstaðarskóla m.a. græna ímynd skólans, en erfitt hefur verið að sinna því verkefni vegna fjárhagskorts. Nokkrar umræður urðu um tónlistarheimilisfræði-, og sérkennslu. Rætt um viðhaldsmál og ýmislegt varðandi starfið framundan. Skólastjóri skýrði frá því að í haust eru væntanlegur hópur á vegum Comeníusarverkefnis sem skólinn hefur tekið þátt í og óskaði eftir aðstoð sveitarfélagsins við móttöku hópsins og sendir erindi vegna þess. Samráðsfundur hefur verið boðaður vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir 2012 á Hallormsstað n.k. föstudag 8. apríl kl 14:30.

Írisi þökkun koman og yfirgaf hún fundinn kl 15:00

2. Skýrsla oddvita

Oddviti sat kynningfund um ný skipulagslög og mannvirkjalög sem haldinn var á Egilsstöðum 4. mars. Hægt er að nálgast kynningarefni á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Tekið hefur verið tilboði frá Rafteymi um að setja upp brunavarnarkerfi í Gistihúsum við Végarð og gert ráð fyrir að framkvæmdir hefjist innan skamms við að setja upp kerfið og einnig verður lagður símastrengur að húsunum.

Vinnueftirlitið hefur umsjón með að stofnanir geri áhættumat og hitti starfsmaður eftirlitsins oddvita í Végarði 10. mars og aðstoðaði við gerð slíks mats fyrir sveitarfélagið.

Námskeið í Vattarsaumi sem haldið var í Végarði helgina 11-13. mars var fullsetið. Sveitarfélagið styrkti námskeiðið sem þótti takast hið besta.

Vinumálastofnun minnir á átak ríkisstjórnarinnar í að fjölga tímabundnum störfum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur næsta sumar með líkum hætti og gert var sl. sumar. Stjórn Atvinnuleysistryggingarsjóðs hefur samþykkt að verja allt að 250 millj. kr til verkefnisins og ríkisstjórnin 116 millj. kr mótframlagi.

Umboðsmaður barna hefur verulegar áhyggjur af þeim niðurskurði sem átt hefur sér stað og er fyrirhugaður hjá sveitarfélögum landsins, ekki síst í leik- og grunnskólum og tómstundastarfi.

SEEDS samtökin bjóða fram starfskrafta sjálfboðaliða sumarið 2011.

Samband Íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið standa fyrir námsskeiðum ætluðum skólanefndum, kjörnum fulltrúum sveitarfélaga, áheyrnarfulltrúum, starfsmönnum skólaþjónustu sveitarfélaga o.fl. Námskeið á Austurlandi verður haldið á Hótel Héraði, Egilsstöðum, föstudaginn 29. apríl nk.

Fljótaldalshreppi hefur borist frá Landsvirkjun skýrslan LV-2011/038 Hávellutalning á Lagarfljóti.

Önnur gögn sem borist hafa:

Rannsókn á ofbeldi gegn konum, skýrsla unnin fyrir Félags- og tryggingarmálaráðuneytið.
Kerfisáætlun, fimm ára áætlun 2011-2015, útgefandi Landsnet
Ársskýrsla Minjasafnsins 2009

Kristinn Bjarnason, lögmaður sveitarfélagsins, mætti á fundinn kl 15:10

3. Laugarfell

- a) Verkfundargerð 11.03. Kynnt. Lokaúttekt á skálanum er fyrirhuguð 7. apríl
- b) Leigusamningur um Laugarfellsskála. Oddviti kynnti drög að leigusamningi um Laugarfellsskála. Samþykkt heimild til oddvita að ganga frá samningi við Papafjörð ehf miðað við fyrirbyggjandi drög.
- c) Umhverfishönnun. Farið yfir drög að umhverfishönnun. Oddvita falið að koma framkomnum ábendingum á framfæri við Hornsteina.
- d) Annað. Hæstiréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Austurlands um mörk þjóðlendna varðandi land Valþjófsstaða þann 10.2.2011. Þar með liggur endanlega fyrir að

Laugarfellssvæðið er innan þjóðlendu. Oddvita falið í samráði við lögmann að vinna að afmörkun lóðar fyrir Laugarfellsskála og tengd mannvirki.

4. Brettasmiðjan

Fyrir lágu drög að viljayfirlýsingu vegna flutnings og uppsetningu timburvinnslu í Fljótsdal. Stefnt að fundi með eigendum Brettasmiðjunnar eh, um miðjan aprílmánuð.

Kristinn Bjarnason yfirgaf fundinn kl 18:30

5. Áætlunarferðir í Fljótsdal

Fundargerðir samstarfsshóps 09.03 og 23.03. Staðan kynnt og er stefnt að áætlunarferðum á leiðinni Egilsstaðir – Skriðuklaustur næstu þrjú sumur. Í sumar verða ferðir í 5 vikur. Samþykkt að styrkja þetta verkefni um 500.000.- kr og verður það tekið af óráðstöfuðu eigin fé.

6. Húsnæðismál félagsaðstöðu eldri borgara

Tekið fyrir erindi frá hópi áhugamanna um aukið húsrými eldri borgara í Hlymsdölum. Oddvita falið að koma á fundi með fulltrúum Fljótsdalshéraðs um málið.

Önnur mál.

- a) Yfirfarin og undirrituð kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins fram á kjördag. Á kjörskrá eru 72.
- b) Oddviti sagði frá fyrir samráðsfundi um samgöngumál í Vatnajökulspjóðgarði sem umhverfissráðherra hefur boðað til í Reykjavík 13.apríl. Hægt er að kynna sér gögn og framvindu samráðsins á sérstakri síðu www.vjp.is. Stefnt er að því að fundinum verði sjónvarpað á netinu.
- c) Sveinn Þórarinnsson mun taka við byggingarfulltrúastöðu af Úlfari Þórðarsyni á næstunni.

Sökum lengdar yfirstandandi fundar er samþykkt að fresta óafgreiddum dagskrárliðum og að boðaður verði aukafundur í apríl.

Fundi slitið kl. 19.30

Magnhildur ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)